

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



Dags eftirlits	3.6.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Fulltrúi UST	
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B.Jónsson	Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Athafnasvæði Norðurá í Stekkjarvík ber með sér að vel er haldið um stjórnartauma, skipulag og umgengni er góð. Tvö frávik er varða mælingar og söfnun hauggass eru staðfest, ein athugasemd er jafnframt gerð vegna þessa. Úrbótaáætlanir vegna frávikanna hafa borist og eru í vinnslu. Þá er gerð athugasemd vegna fiskikara sem urðuð eru og sú þriðja vegna mengunarefna í sigvatni og fór eftirlitsaðili fram á ítarlegt mat á niðurstöðum sigvatnsmælinga og virkni hreinsivirkis fyrir 1.9.2014. Matið barst 18.8 sl. Gögn sbr. ákv. 5.1.3, 4 og 6 bárust innan tilskilins skilafrests.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundi í eftirlitinu var eftirfarandi rætt:

1. Starfsemi í Stekkjarvík
2. Innra eftirlit og gæðamarkmið, móttaka og skráning úrgangs osfrv.
3. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
4. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
5. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu og mælingar og söfnun á hauggasi.

Að loknum fundi var urðunarsvæðið í Stekkjarvík skoðað.

Frávik frá

Í ákv. 5.2 í starfsleyfi er m.a. kveðið á um mælingar á þrýstingi og samsetningu hauggass. Með setningu reglug. nr. 294/2014 var ákv. virkjað og hefðu hauggasmælingar átt að hefjast í apríl sl. en reglugerðin tók gildi við birtingu þ. 26.3. sl.

Lýsing á frávikum

Mælingar á hauggasi skulu fara fram mánaðarlega annars vegar, þá þrýstingur, metan, koldíoxíð og súrefni. Hins vegar skal mæla vetnissúlfíð og vetni fjórum sinnum á ári. Þessar reglubundnu mælingar eru ekki hafnar. Áætlun um úrbætur barst 18.8.sl.

Ákv. 3.4 í starfsleyfi og 2. gr. reglug. nr. 294/2014. Þar er tilgreint að rekstraraðila beri að senda framkvæmdaáætlun um hauggassöfnun f. 1.6.sl. og hefja söfnun f. 14.7.nk.

Rekstraraðili skal koma upp söfnunarkerfi og safna hauggasi. Áætlanir þar um bárust ekki eftirlitsaðila á réttum tíma en var skilað 18.8.sl.

ATHUGASEMDIR

Nokkuð var af fiskikörum á urðunarsvæðinu. Fyrir um áratug var bannað að setja freon í einangrunarefni kerjanna þ.e. polyuretan. Skv. framleiðanda endast kerin 8-12 ár. Kerin eru talsvert notuð í úrgangsgæranum sem söfnunarílát fyrir spilli- og önnur úrgangsefni. Það er möguleiki að enn berist kör sem innihalda freon og vert að kanna uppruna þeirra nánar.

Urðun í Stekkjarvík hófst um áramótin 2010-11. Mikilvægt er að hefja reglulegar mælingar á hauggasi en niðurstaða þeirra er væntanlega helsti kennipáttur um hvenær hefja eigi hauggassöfnun.

Talsverður breytileiki er á styrk nokkurra mengunarefna skv. niðurstöðum sigvatnsmælinga á síðasta ári. Þetta á sennilega helst við um efni úr lífrænu niðurbroti og gæti tengst móttöku sláturúrgangs (sláturtíð). Þá er vandséð hver virkni hreinsivirkis er. Þannig er súrefnisþörf sú sama ofan og neðan hreinsivirkis í mælingu 3.4.2013 (210mg/l) og 3600mg/l ofan hreinsivirkis og 7200mg/l neðan þess þ. 25.9.2013. Magn olíu og fitu (tot. ext. aliphates) er 2,34mg/l neðan hreinsivirkis í apríl en 136mg/l í september en þess má geta sett losunarmörk fyrir þessa þætti í starfsleyfi Sorpstöðvar Fjarðarbyggðar eru 15mg/l. Rekstraraðili fékk frest til 1. ágúst til að senda inn uppl. sbr. ákv. 5.1.3,4 og 6. en fresturinn var framlengdur þar sem ítarlegri gagna var krafist hvað snertir rekstur og virkni hreinsivirkis til 1.9.sl og bárust upplýsingarnar 18.8.sl.

Reykjavík, 01.07.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.